

Alþingi
Erindi nr. P 136/1445
komudagur 24.3.2009



LANDVERND

Nefndasvið Alþingis
b.t. stjórnarskrárnefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

24. mars 2009

**Viðbót við umsögn um frumvarp til stjórnskipunarlaganna
385. mál/ 136. löggjafarþingi 2008/09**

Landvernd lagði fram umsögn um ofangreint frumvarp með bréfi dags. 20. mars 2009. Í umsögninni er lýst yfir stuðningi við 1.gr. frumvarpsins en lagt til að orðin “á sem hagkvæmastan hátt” í 2.mgr. verði felld burt. Í umsögninni var þess jafnframt getið að Landvernd hefði fjallaði um stjórnarskrárákvæði um auðlinda- og umhverfismál árið 2005 og lagt fram tillögu að orðalagi slíks ákvæðis á þeim tíma. Í þeirri tillögu fólst bæði réttar- og ábyrgðarákvæði, sbr. bréfi Landverndar til stjórnarskrárnefndar dags. 25. ágúst 2005.

3.mgr. 1.gr. núverandi frumvarps er á þessa leið:

“Allir eiga rétt til umhverfis sem stuðlar að heilbrigði og þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Réttur almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það, svo og kostur á þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið, skal tryggður með lögum.”

Réttur almennings er tilgreindur en ekki eru nefndar skyldur. Tilgreindur er réttur til upplýsinga en ekki réttur til aðgengis. Því leggja samtökin til að eftirfarandi setningu verði bætt inn í frumvarpið:

“Allir eiga rétt til aðgengis að náttúru landsins en jafnframt skulu borgarar landsins sýna aðgát þannig að náttúru landsins og auðlindum sé ekki spillt.”

Stjórnarskráin er vissulega réttarskrá, en það er rétt að hún tilgreini einnig grundvallar skyldur allra að ganga vel um náttúru landsins og spilla henni ekki. Ofangreinda setningu mætti fella inn í 3.mgr. 1.gr. eða gera hana að 4. mgr. þessarar 1.gr.

Fyrir hönd Landverndar

Björgólfur Thorsteinsson, formaður